



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. október 2024.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga, þskj. 221, 220. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist þingsályktunartillaga til umsagnar. Tekur skrifstofan undir orð greinargerðar með tillögunni en þar segir:

„ Í nágildandi kerfi er enginn sérstakur talsmaður sjúklinga ef upp koma deilumál eða önnur ágreiningsatriði innan heilbrigðiskerfisins. Sjúklingar geta beint kvörtunum til landlæknisembættisins ef þeir telja að á sér hafi verið brotið, en landlæknir er hlutlaus úrskurðaraðili sem hefur ekki það hlutverk að tala fyrir hagsmunum sjúklinga sérstaklega. Í slíkum málum þurfa sjúklingar því sjálfir að leita sér aðstoðar lögfræðinga sem getur verið mjög kostnaðarsamt og tímafrekt. ”

Í gegnum frásagnir af fyrstu hendi og frá hagsmunasamtökum sem og umfjöllun fjölmiðla hefur skrifstofan orðið áskynja um ýmsar brotalamir í heilbrigðiskerfinu. Sem dæmi má nefna sjúklinga með fjölpættan vanda, svo sem geðraskanir, fíknisjúkdóma, þroskafrávik, einhverfu og skyldar fatlanir því það er erfiðleikum bundið fyrir þá að fá aðgang að þverfaglegri heilbrigðisþjónustu sem tekur mið af þörfum þeirra og fötlun og hefur þeim verið synjað um aðgang að almennri geðheilbrigðisþjónustu vegna fötlunar sinnar. Minnt skal á ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en í 25. gr. samningsins segir m.a. að fatlað fólk skuli hafa aðgang að þeirri heilbrigðisþjónustu sem það þarfnast vegna fötlunar sinnar og að koma skuli í veg fyrir að einstaklingum sé synjað um heilsugæslu eða heilbrigðisþjónustu á grundvelli fötlunar.

Notendur geðheilbrigðisþjónustu hafa margir hverjir kvartað undan neikvæðum viðhorfum, slæmri framkomu og jafnvel því að hafa verið beittir órétti af hendi geðheilbrigðisstarfsfólks. Margar konur kvarta undan því að vera ekki teknar alvarlega og einnig fólk með offitu, segja allar umkvartanir skrifast á kyn, aldur og/eða líkamsþyngd. Lengi mætti áfram telja en af þeim dæmum sem nefnd hafa verið hér að framan má ráða að í mörgum tilvikum er einstaklingur illa í stakk búinn til að gæta hagsmuna sinna til dæmis með því að leggja fram kvörtun til landlæknis en eðli málsins samkvæmt er sá sem fæst við heilsuþrest í viðkvæmri stöðu. Verði embætti umboðsmanns sjúklinga sett á fót fá sjúklingar aðstoð við hagsmunagæslu auk þess sem umboðsmanninum er ætlað leiðbeinandi



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

fræðsluhlutverk sem og að rýna í kerfið til að greina hvað megi betur fara, til að sjúklingar fái sem besta heilbrigðisþjónustu hverju sinni eins og segir í greinargerðinni.

MRSÍ hvetur til þess að þingsályktunartillaga þessi nái fram að ganga og jafnframt að landlækni verði fenginn aukinn mannaflí og fjármunir í hendur til að geta unnið úr kvörtunum og álitaeftum sem embættinu berast á skemmri tíma og með skilvirkari hætti en nú er.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra